



Fundargerð

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs - 147. fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs haldinn
á fjarfundi,
2. desember 2020, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar,
Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps,
Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps,
Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitafélagsins
Hornafjarðar,
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaga,
Steingrímur Karlsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Matthildur
Þorsteinsdóttir, varaáheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði
Vatnajökulsþjóðgarðs,
Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs,
Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs,
Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs.

Fjarverandi / boðuð forföll:

Eyrún Arnardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótsdalshéraðs,
Þorkell Lindberg Þórarinsson, varamaður varaformanns stjórnar,

1. Rekstraráætlun 2021 - 2009036

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um stöðu mála vegna rekstraráætlunar 2021.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 13:00

Fyrir fundinum lá tillaga að rekstraráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir árið 2021, ásamt greinargerð, til umræðu og samþykktar.

Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri kynntu vinnu sem fram hefur farið við gerð rekstraráætlunar 2021 sem byggist á góðu samstarfi stjórnenda þjóðgarðsins og góðri samvinnu við umhverfi- og auðlindaráðuneytið. Tillaga að rekstraráætlun hefur auk þess verið kynnt og staðfest af svæðisráðum þjóðgarðsins.

Eftir samráð við umhverfis- og auðlindaráðuneytið mun ráðuneytið tryggja stofnuninni 70 mkr. aukalega til landvörslu á árinu 2021 vegna áætlana um lækkingu sértekna vegna Covid 19. Þar að auki vinnur ráðuneytið að því með stofnuninni að greiða niður neikvæðan höfuðstól undanfarinna ára. Samanlagt eykst rekstrarfé vegna þessara aðgerða um 130 mkr. sem tryggir að þjóðgarðurinn mun geta sinnt landvörslu með ásættanlegum hætti sumarið 2021. Miðað við tekjuáætlun stofnunarinnar má gera ráð fyrir svipuðum rekstri árin 2020 og 2021.

Forsendur fyrir þjóðhagsspá Hagstofu Íslands í fjárlagafrumvarpi 2021 gera ráð fyrir að fjöldi ferðamanna á næsta ári verði innan við helmingur þess sem hann var árið 2019 en einnig kemur fram að ekki sé hægt að útiloka að batinn reynist hvort sem er hægari eða örari.

Því gætu sértekjur þjóðgarðsins vaxið umfram það sem niðurstaðan verður á árinu 2020. Vegna þess er í áætluninni gert ráð fyrir auknum sértekjum þjóðgarðsins seinni hluta árs að upphæð 65 mkr. sem verði þó ekki ráðstafað fyrr en við endurskoðun rekstraráætlunar vorið 2021 ef horfur gefa tilefni til s.s. varðandi opnun landamæra ofl. Ef þróunin verður jákvæð eins og að framan greinir mun verða lögð áhersla á að nýta það til að auka frekar við landvörslu og í tengd verkefni.

Tillaga varðandi lykiltölur í rekstraráætlun Vatnajökulspjóðgarðs á árinu 2021 er eftirfarandi:

Rekstrarútgjöld

Laun og launatengd gjöld: 590.6 mkr.

Önnur gjöld: 250.5 mkr

Afskriftir: 18 mkr

Samtals gjöld: 859,1,1 mkr

Tekjur:

Framlag úr ríkissjóði til rekstrar: 618 mkr.

Sérstakt Covid-19 framlag ráðuneytis: 70 mkr.

Sértekjur: 180.4 mkr.

Samtals tekjur: 868.4 mkr.

Framangreind tillaga að rekstraráætlun Vatnajökulspjóðgarðs vegna ársins 2021 gerir ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu á almennum rekstri upp á um 8 milljónir og að höfuðstóll sé jákvæður um þá upphæð.

Fjárfestingar

Framlag úr ríkissjóði til fjárfestinga: 229.5 mkr.

Gestastofa Kirkjubæjarklaustri á fjárlögum: 128.6 mkr.

Önnur fjárfesting: 100.9 mkr

Aðrar fjárfestingar

Innviðasjóður (ýmis verkefni þegar samþykkt á árinu 202): um 200 mkr.

Stjórn samþykkir framangreinda tillögu að rekstraráætlun fyrir Vatnajökulspjóðgarð vegna ársins 2021.

Framkvæmda og fjármálastjóra er falið að ljúka vinnu við að koma henni inn í áætlanagerfi ríkisins (Akra) og skila áætluninni til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins með bréfi og greinargerð.

Stjórn vill koma á framfæri þökkum fyrir góða vinnu stjórnenda Vatnajökulspjóðgarðs við gerð rekstraráætlunar vegna ársins 2021 og að auki vill stjórn þakka fyrir afar góða samvinnu við umhverfis- og auðlindaráðuneytið við gerð þessarar áætlunar á afar sérstökum tímum heimsfaraldurs.

2. Þriggja ára áætlun Vatnajökulspjóðgarðs 2021 - 2023 - 2010029

Fyrir fundinum lá þriggja ára áætlun þjóðgarðsins 2021 - 2023.

Stjórn staðfestir þriggja ára áætlun Vatnajökulspjóðgarðs fyrir árin 2021-2023.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 14:30.